# LÖG

**um breytingu á lögum nr. 145/1994, um bókhald, með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS
*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 43. gr. laganna:

a. Orðin „námskeið og" í 3. mgr. falla brott.
b. 4. mgr. orðast svo:

   Ráðherra skipar þriggja manna prófnefnd og heldur hún próf fyrir þá sem sækja um viðurkenningu sem bókarar. Prófnefndin er skipuð til fjögurra ára í senn. Í reglugerð sem ráðherra setur skal m.a. kveðið nánar á um skilyrði til próftöku, prófgreinar, framkvæmd prófa og lágmarksárangur til að standast þau. Kostnaður við prófin, þ.m.t. þóknun til prófnefndarmanna, greiðist með próftökugjaldi sem ráðherra ákveður. Við ákvörðun á fjárhæð þess skal við það miðað að það sé ekki hærra en kostnaður.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 16. september 2011.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**
(L. S.)

*Árni Páll Árnason.*